

## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, föstudaginn 24. mars 2023, kl. 15:00

Mætt: Sigurður Guðmundsson (SG), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Ingvar H. Ragnarsson (IHR)

Forfallaðir: Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir (SLG), Heiðrún Jónsdóttir (HJ),

Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Pálmi Geir Jónsson (PGJ) fjármálastjóri.

### Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

Fundargerð fundar aðalstjórnar þann 22. febrúar 2023 lögð fyrir og samþykkt.

#### 1. Uppgjöri 2022

PGJ fór yfir uppgjör ársins 2022. Orðið þónokkrar breytingar á því frá síðasta fundi. Félagið er rekið með rúmlega 36 millj.kr. rekstarhalla á árinu 2022. Breytingin frá síðasta fundi skýrist af því að ekki var búið að stemma af almennilega þær tekjur sem koma í gegnum Sportabler og er lotun æfingagjalda inná árið 2022 að hækka töluvert.

**Niðurstaða:** Til upplýsinga

#### 2. Handknattleiksdeild – staða og næstu skref

Umræða var tekin um stöðu handknattleiksdeildar í afreksstarfinu þar sem að rekstrarniðurstaða ársins 2022 var ekki góð. Áætlanagerð er í gangi fyrir tímabilið 23/24 og fór PGJ yfir stöðuna eins og hún blasir við núna. Í ofanálæg er hefur stærsti styrktaraðili deildarinnar til nokkurra ára ákveðið að hætta að styrkja deildina. BS gerði það að tillögu sinni að hann ásamt IHR, SG og PGJ myndu taka samtalið við handknattleiksdeild um áætlun næsta tímabils.

**Niðurstaða:** Stjórn samþykkti.

#### 3. Aðalfundur 2023 vegna ársins 2022

BS fór yfir þau verkefni sem þarf að ákveða fyrir næsta aðalfund. Ákveðið var að halda aðalfund í veislusal félagasins 3. maí næstkomandi. SG ætlaði að taka að sér að ræða við fundarstjóra. BS fékk það verkefni að óska eftir tillögum frá deildum um viðurkenningar fyrir árið 2022 sem teknar verða fyrir á næsta stjórnarfundum og samþykktar. BS fór yfir með stjórn hverjir það væru innan stjórnar sem þyrftu að endurnýja umboð sitt og þarf að tilkynna framboð með að lágmarki viku fyrirvara.

**Niðurstaða:** Til upplýsinga

**Önnur mál**

- Erindi dansdeild – tekið jákvætt í það framkvæmdastjóra falið að vinna það áfram.
- Tekið jákvætt í beiðni frá körfuknattleiksdeild um styrk vegna klefa.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:10 – ritað BS